

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 22. maí 2026

Mál nr. S-2726/2025:

Ákærvaldið

(Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari)

gegn

Mohamoud Farah Hassan

(Arndís Anna K. Gunnarsdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 30. 3. 2026, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 11. 9. 2025 á hendur Mohamoud Farah Hassan, kt. [...], [...], „fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og umferðarlagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 3. september 2024, ekið bifreiðinni [...] gegn rauðu umferðarljósi vestur um gatnamót Sæbrautar við Kringlumýrarbraut í Reykjavík með þeim afleiðingum að hann ók á A, fd. [...], gangandi vegfaranda, sem gekk norður yfir gatnamótin á grænu gönguljósi. Við áreksturinn hlaut A brot í stóru lærhnútu vinstra læris.

Telst háttsemi þessi varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 7. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 007-2024-048475

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu sem lögregluþjónn 1 ritar undir var lögregla send kl. 08:42 hinn 3. september 2024 að Sæbraut við Kringlumýrarbraut en tilkynnt hafi verið „að ekið hafi verið á konu sem væri með áverka á fæti eftir óhappið. Sjúkrabifreið var einnig send á vettvang.“ Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi sjúkralið verið komið á staðinn. Konan A brotaþoli hafi kvartað undan verkjum við mjöðm og hafi hún verið flutt á slysadeild. Lögregla hafi ekki rætt við brotaþola á vettvangi en í skýrslunni er haft eftir B syni brotaþola að þau hafi „verið að ganga yfir gangbraut, í norður átt, þ.e. yfir Sæbraut austan við Kringlumýrarbraut [...]. Þau hefðu gengið yfir á móti grænu

gönguljósi. Þau hefðu verið alveg að komast yfir akbrautina þegar bifreið hefði komið að og ekið á móður hans. Hún hafi kastast upp á húdd bifreiðinnar og svo endað á akbrautinni.“ Í skýrslunni er haft eftir vitni, C, að vitnið hafi „verið í bifreið fyrir aftan leigubílinn sem ók á konuna. Hún sagði að rautt ljós hafi logað fyrir akandi umferð og að fólkið sem hafi verið að fara yfir gangbrautina hafi verið að ganga á móti grænu gönguljósi. Hún sagðist telja að bifreiðin hafi verið á um 30 km/klst hraða. Hún hafi verið að spá í hvort ökumaðurinn hafi ekki ætlað að fara að stoppa en hann hafi ekið beint áfram og á konuna sem var alveg að verða komin yfir akbrautina.“ Samkvæmt skýrslunni ræddi lögregluþjónn 3, við ökumann bifreiðarnnar [...], Mohamoud Farah Hassan, ákærða í málinu. Tekið er fram að vegna tungumálaörðugleika hafi verið nokkuð erfitt að fá greinargóðan framburð hjá honum. Eftir ákærða er haft að hann hafi ekið Sæbraut í vesturátt þegar hann hafi ekið á brotapolu á gatnamótunum við Kringlumýrarbraut. Hann hafi sagt að umferðarljós hafi logað grænt fyrir akandi umferð en rautt fyrir gangandi umferð. Hann hafi ekið á tuttugu til þrjátíu kílómetra hraða á klukkustund. Í skýrslunni segir að ákærði hafi blásið í áfengisprófsmæli sem sýnt hafi neikvæða niðurstöðu.

Í málinu liggur vottorð D læknis, dags. 14. 10. 2024. Þar segir að brotapolu, [...], hafi verið flutt á slysadeild 3. 9. 2024. Í vottorðinu segir meðal annars: „Hún greinir svo frá að hún hafi verið að ganga yfir gangbraut þegar ökutæki ók á hana [...], hún féll á steypa gangstétt og lenti á vinstri mjöðminni. Eftir höggið fann hún til í vinstri mjöðminni og lærinu, hún gat hreyft fótinn og en er verkjuð, hún gat ekki gengið og er með smávægilega styttingu á fótleggnum. Hún er hraust fyrir og tekur engin lyf.“ Um skoðun segir: „Almennt í góðu ástandi, ekki bráðveikindaleg að sjá. Rakar slímhúðir. Brjóstkassi lyftist jafnt við öndun. Hjartatónar eðlilegir. Við lungnahlustun eru öndunarhljóð eðlileg, engin merki um öndunarerfiðleika. Kviður óþaninn, mjúkur og eymslalaus, það heyrast garnahljóð í öllum fjórðungum. Útlimir: Aflögun er í efsta þriðjungi vinstra læris, það er inndráttur og útsnúningur á vinstra læri, stytting á fótleggnum. Blóðrás og skyn er eðlilegt í fótleggnum.“ Í vottorðinu segir að tekin hafi verið „röntgenmynd af lungum og vinstri mjöðm. Lungnamynd er eðlileg, engin rifbrot greinast. Röntgenmynd af vinstri mjöðm sýnir brot í stóru lærhnútunni með talsverðri styttingu og misstöðu. Litla lærhnútan hefur brotnað frá og myndar sérstakt flöskuform sem hefur færst verulega miðlægt og fram. Líklega hafa einhver brot einnig brotnað frá

í svæði stóru lærhnúttunnar, en þau hafa aðeins færst til.“ Greining er sögð: „Brot í stóru lærhnútu vinstra læris“. Í vottorðinu segir að brotþoli „lagðist inn á vegum bæklunarskurðlækna og ákveðin var aðgerð þar sem langur mergnagli var settur til að festa brotið.“ Aðgerðin hafi verið hinn 5. 9. 2024 og brotþoli „útskrifuð nokkrum dögum síðar“.

Í vottorðinu er haft eftir syni brotþola að bifreiðin hafi verið „á lítilli ferð“, um 30 km/klst að hans mati.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 6. 9. 2024. Eftir honum er haft að gult ljós hafi verið á móti honum, „það var að verða grænt. Hún var á miðri akbrautinni.“ Samkvæmt endurriti var ákærði spurður hvort hann hefði séð vegfarendur og haft eftir honum: „Ég sá hana ekki fyrr en ég hafði keyrt á hana.“

Ákærði skýrslu að nýju 23. 9. 2024. Eftir honum er meðal annars haft: „Ég var með 100% athygli, augu mín voru á götunni, svo fór kona yfir götuna en það var rautt ljós gegn henni. Þá var gult á mér og ég reyndi að hægja á mér eins og ég gat ég reyndi eins og ég gat að koma í veg fyrir slys og beygja frá. Hún datt ekki þegar ég lenti á henni, hún stóð, ég fór hægra megin við hana og vinstri hlið bílsins hafnaði á henni. Ég var að reyna að lágmarka slysið. Sonur hennar var kominn yfir götuna en hún var enn á miðri götu, hann kom og tók í höndina á henni og sagði mér að fara. Ég ákvað að fara ekki af slysstað því að ég vissi að það væri rangt af mér.“ Í skýrslunni segir að ákærði hafi verið spurður hvort hann hafi séð vegfarendur og eftir honum er haft: „Já ég sá þau. Þess vegna hægði ég á mér.“ Í segir að lögregla hafi borið undir ákærða að miðað við aðstæður hafi hann átt að hafa séð brotþola úr langri fjarlægð og hafi hann verið spurður hvort hann hafi verið með fulla athygli. Ákærði hafi svarað: „Já ég var með fulla athygli, þess vegna hægði ég á mér þegar ég sá hana.“ Í skýrslunni segir að ákærði hafi verið spurður hvort hann hafi nauðhemlað þegar hann hafi séð „hættuna“ og eftir honum er haft: „Hún var að reyna að komast yfir og ég taldi hana komast yfir götuna í tæka tíð, það var bíll bak við mig og ég var að forðast árekstur, ég bremsaði eins mikið og ég gat.“

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist hafa verið á leið til vinnu að morgni, hann hefði farið að Skarfabakka að leita viðskiptavina en ekki fundið. Hann hefði þá farið „niður í miðbæ og síðan var ég að keyra bara rólega, kannski á fimmtán til tuttugu“. Hann hefði verið

vel sofinn og með næga orku, hann hefði sofið átta til tíu klukkustundir um nóttina. „Síðan birtist þessi kona og sonur fyrir framan mig og þá sérstaklega konan. Ég sá hana seint, það var grænt hjá henni, sonurinn hafði þegar farið yfir gatnamótin. Eftir það þá reyndi ég að hemla og beygja frá en ég náði ekki að gera það og lenti á konunni.“ Þegar ákærði var nánar spurður síðar í skýrslutökunni sagði hann að ljósið hefði verið rautt gegn brotþola. Sérstaklega spurður sagði ákærði að þegar bifreiðin hefði farið á brotþola hefði ljós gegn ökutækjum verið grænt.

Ákærði sagði að á þessum tíma hefði hann verið búinn að vera með ökuréttindi í fjögur eða fimm ár en réttindi til að aka leigubifreið hefði hann haft í eitt ár. Hann hefði fengið ökuréttindi á Íslandi árið 2023.

Ákærði sagði að á vettvangi hefði verið þurrt, logn og bjart.

Ákærði sagði að hámarkshraði á götunni hefði verið 60 km/klst. Spurður hvers vegna hann hefði þá ekið á fimmtán eða tuttugu kílómetra hraða sagði ákærði að það hefði verið hraði sinn eftir að hann hefði séð brotþola. „Ljósið var gult og að verða grænt, það var enginn möguleiki að ég hefði náð hámarkshraða“. Nánar spurður bætti ákærði við: „Það var komið rautt hjá konunni.“ Spurður hvort hann hefði séð brotþola ganga yfir götuna sagðist ákærði hafa séð hana „mjög seint“. Grænt ljós hefði logað við akstursstefnu ákærða.

Ákærði var spurður hvar brotþoli hefði verið þegar hann hefði fyrst séð hana á götunni og svaraði að hann myndi það ekki nákvæmlega en hann teldi að „hún hefði verið á miðjuakrein, Sæbraut er stundum þannig að það eru þrjár akreinar og ég held að hún hafi verið á miðjunni eða þá á hægri hlið en hún var allavega ekki þarna á fyrstu akrein vinstra megin við mig, þaðan sem hún var að koma.“ Ákærði sagðist ekki hafa séð hana áður en hún hefði farið út á götuna. Hann sagðist ekki vita hversu langt frá brotþola hann hefði verið þegar hann hefði séð hana fyrst. Spurður um hraða brotþola sagðist ákærði hafa séð hana „mjög seint“ og gæti ekki sagt til um hraða hennar. Hann sagðist hins vegar viss um að sonur brotþola hefði verið kominn yfir. Borið var undir ákærða að veður hefði verið gott og brotþoli fyrir framan hann og var ákærði spurður hvers vegna hann hefði ekki séð hana fyrir. Ákærði sagðist ekki geta svarað því og ekki vilja vera með getgátur.

Borið var undir ákærða að brotþoli og vitni hefðu borið um að brotþoli hefði gengið gegn grænu ljósi en ákærði ekið gegn rauðu. Ákærði sagði að vitnið C hefði ekki komið að fyrir en eftir atvikið. Vitnið hefði ekki getað séð lit ljósanna. Ákærði hefði verið

kominn úr bifreið sinni þegar vitnið hefði komið að. Borið var undir ákærða að vitnið hefði sagt að það hefði verið beint fyrir aftan ákærða og stöðvað á sama tíma og hann. Ákærði sagði þetta rangt. Hann hefði verið kominn úr bifreið sinni og verið að ræða við brotþola og son hennar þegar vitnið C hefði komið. Sonur brotþola hefði sagt ákærða að hann gæti farið en ákærði hefði ekki viljað fara, hann hefði viljað aðstoða. Síðar í skýrslutökunni sagðist ákærði telja að sonur ákærðu hefði vitað að brotþoli hefði gengið gegn rauðu ljósi og „hann vissi hvar sökin var“ og hefði þess vegna sagt að ákærði mætti fara.

Ákærði sagði, spurður um áhrif atviksins á sig, að hann hefði „aldrei keyrt á neinn og ég hef verið þunglyndur yfir þessu. Ég reyndi allt til þess að forða þessu og mér þykir þetta mjög leitt.“

Borið var undir ákærða að hann hafi í skýrslugjöf hjá lögreglu verið spurður hvort hann hafi séð vegfarendur og hafi hann þá svarað að hann hafi séð þau og því hægt á sér, en fyrir dómi hafi hann talað á þá leið að hann hefði snarhemlað. Ákærði sagði að þegar hann hefði sagt að hann hefði ekið á fimmtán til tuttugu kílómetra hraða á klukkustund „þá er ég að tala um að ég hafi hægt á mér, það er það sem ég er að tala um.“ Borið var undir ákærða að lögregla hefði spurt hann hvort hann hefði séð vegfarendur og hann hefði svarað að hann hefði séð þá og þess vegna hægt á sér. Ákærði svaraði: „Ég sá þá en ég sá þá mjög seint.“ Nánar spurður sagði ákærði hugsanlegt að túlkur í skýrslutökunni hefði skilið sig á annan hátt, en ákærði hefði séð brotþola og son hennar en séð þau mjög seint „og þegar ég segi þarna ‚hægja á mér‘ þá þýðir það að hemla skarpt.“

Borið var undir ákærða það sem segir í lögregluskýrslu að lögregla hafi sagt að miðað við aðstæður hefði hann átt að geta séð brotþola úr fjarlægð og í framhaldinu spurt hann hvort hann hefði haft fulla athygli á veginum og hann hefði svarað því játandi og þess vegna hefði hann hægt á sér þegar hann hefði séð brotþola. Ákærði sagði: „Já, það var þarna sem ég hemlaði um leið og sveigði frá. Ef ég hefði ekki haft athygli þá hefði ég ekki getað haft stjórn á bílnum.“

Borið var undir ákærða það sem segir í lögregluskýrslu að hann hafi verið spurður hvort hann hafi nauðhemlað þegar hann hafi séð hættuna og hann hafi svarað að brotþoli hafi reynt að komast yfir og hann hafi haldið að hún kæmist yfir í tæka tíð en á eftir sér hafi verið bifreið og ákærði hafi reynt að forðast árekstur og hafi hemlað eins mikið og hann hafi getað. Ákærði sagðist hafa haldið að bifreið væri fyrir aftan sig en þar hefði ekki verið bifreið. Spurður hvers vegna hann hefði haldið að bifreið væri fyrir aftan sig

svaraði ákærði: „Ég var ekki að hugsa það en ég hugsaði að það gæti verið bíll fyrir aftan mig.“ Hann hefði ekki litið í spegilinn, öll athyglin hefði verið á það sem var fyrir framan bifreiðina.

Borið var undir ákærða að vitnið C hefði borið hjá lögreglu að hún hefði talið ákærða hafa hægt ferðina, leyfður ökuhraði hefði verið sextíu kílómetrar á klukkustund en ákærði farið hægar. Ákærði sagðist telja að vitnið hefði hvorki séð atvikið né aðdraganda þess.

Borið var undir ákærða að í lögregluskýrslu væri haft eftir honum að hann hefði ekið á þrjátíu kílómetra hraða á klukkustund en hefði fyrir dómi sagt að hann hefði ekið á fimmtán til tuttugu kílómetra hraða. Ákærði sagði að hann hefði ekki horft nákvæmlega á mælaborðið en hefði verið beðinn um að áætla ökuhraðann og áætlun gæti verið fimmtán til þrjátíu kílómetrar á klukkustund.

Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði fyrst séð brotþola þegar hún hefði verið á götunni en ekki séð hana ganga út á götuna. Ákærði sagðist ekki vita það.

Vitnið A brotþoli sagðist hafa komið Íslands með syni sínum. Daginn eftir hefðu þau farið út eftir morgunverð. Þau hefðu gengið „í áttina að sjónum og komið að gatnamótum með mikilli umferð.“ Þau hefðu farið „á grænu ljósi yfir götuna“ og bifreiðar komið „hægra megin frá“. Sonur brotþola hefði farið á undan, hugsanlega verið metra á undan henni. Brotþoli hefði horft í kringum sig og séð bifreiðar hægja á sér og nema staðar „en þá kom stór hvítur bíll sem rakst í mig“ og hefði vitnið dottið á vinstri hlið og fundið fyrir „miklum verkjum“. Brotþoli hefði ekki getað staðið á fætur. Sonur hennar hefði hlaupið til hennar. Brotþoli hefði tekið eftir fleira fólki og þarna hefði verið „einhver kona, fólk úr bílum, sem hjálpaði mér að standa upp og sjúkrabíll kom líka mjög fljótlega og lögreglan.“ Brotþoli sagðist muna „þegar ég lá þarna var fólk úr bílum sem kom að mér, sérstaklega einhver kona, en það tók lengri tíma þangað til maður kom úr bílnum sem rakst í mig.“

Brotþoli sagðist hafa gengið „nokkuð hratt“. Sonur hennar gengi hratt og hún hefði fylgt honum. Brotþoli hefði verið næstum komin yfir götuna þegar bifreiðin hefði farið á hana. Þegar þau hefðu farið „í gatnamótin þá var grænt ljós fyrir okkur og rautt fyrir bíla og það var augljóst að allir hinir bílarnir voru að stoppa þannig að ég trúí því að það [hafi verið] rautt ljós fyrir bílana.“ Brotþoli sagði að ákærði hefði ekki ekið hratt, hann hefði hugsanlega verið á tuttugu til þrjátíu kílómetra hraða á klukkustund „og hann

var líka að bremsa“. Spurð hvernig hún vissi að ákærði hefði hemlað sagðist brotaþoli hafa séð „að allir bílar voru að bremsa, stoppa á rauðu ljósi“ á svo til sama hraða „og ég auðvitað horfði til hægri og svo aftur á ljós okkar, hvort við erum á grænu ljósi, þannig að ég sá að allir bílar voru að hægja á sér.“ Vitnið sagði að ekki hefði verið mikil umferð á þessum tíma. Þegar vitnið hefði gengið yfir hefðu bifreiðar verið að nálgast gatnamótin úr fjarlægð en ekki verið kyrrar.

Brotaþoli sagði að ökumaðurinn hefði hlotið að sjá hana. Hún hefði verið í dökkum buxum en mjög ljósri grænleitri úlpu með endurskinsröndum. Sonur hennar hefði verið í gulum jakka. Aðspurð sagði brotaþoli að hún teldi að sonur hennar hefði ekki séð bifreiðina fara á hana, þar sem hann hefði verið um metra fyrir framan hana.

Aðspurð sagði brotaþoli að ákærði hefði ekki boðið sér inn í bifreið sína meðan beðið væri eftir sjúkrabifreið. Borið var undir brotaþola að ákærði hefði sagt að hann hefði boðið henni í bifreiðina, brotaþoli sagðist telja sig hafa talað við hann þegar hún hefði verið komin í sjúkrabifreiðina. Spurð hvort hún væri viss um þetta sagðist hún halda að hún hefði verið í sjúkrabifreiðinni en ekki vera viss, hún hefði verið í áfalli.

Brotaþoli sagðist hafa verið „lögð inn á spítala, ég gat ekki staðið í fót“. Hún hefði farið í myndatöku og komið hefði í ljós að bein í læri væri brotið og brotaþoli hefði þurft að fara í aðgerð. Brotaþoli hefði verið eina viku á sjúkrahúsi. Eftir vel heppnaða aðgerð á Íslandi hefði brotaþoli farið í endurhæfingu í heimalandi sínu. Allt hefði gengið vel.

Vitnið B sagðist hafa farið í gönguferð og farið „yfir gatnamót á grænu ljósi um klukkan níu“ og „á endanum“ á gangbraut „þá rakst bíllinn á mömmu mína“. Sérstaklega spurt hvort það hefði séð bifreiðina fara á brotaþola svaraði vitnið: „Ég sá hvernig vinstra ljósið rakst í fótinn hennar.“ Vitnið sagðist halda að það hefði verið komið „að sturnum á stéttinni, sneri mér við þegar það gerðist.“

Vitnið sagðist hafa horft í kringum sig, „hægra megin, þar var enginn bíll og svo allt í einu kom frá hægri hlið bíllinn sem keyrði á mömmu mína“. Aðrar bifreiðar hefðu numið staðar „og úr einum bíl kom kona sem byrjaði að hjálpa“ brotaþola, ásamt vitninu. Vitnið sagðist telja að ákærði hefði setið í bifreið sinni þar til lögregla hefði komið á vettvang. Hann hefði ekki tekið þátt í að aðstoða og ekki haft samskipti við þau en „eitt sem hann bauðst til var að keyra mömmu á spítalann“ en sjúkrabifreið hefði komið og flutt brotaþola á sjúkrahús.

Vitnið var spurt hvar þau hefðu verið þegar bifreiðinni hefði verið ekið á brotaþola og svaraði að þau hefðu verið „alveg að klára að fara yfir, vorum nánast komin yfir“. Vitnið sagði að þau hefðu gengið á venjulegum hraða, hvorki hægt né sérstaklega hratt. Vitnið hefði verið aðeins á undan henni og hefði líklega gengið aðeins hraðar.

Vitnið sagðist telja að bifreið ákærða hefði verið ekið á „kannski þrjátíu kílómetra hraða þegar hann var að nálgast okkur.“

Vitnið sagðist hafa verið í gulum jakka með endurskinsmerkjum en brotaþoli verið í túrkislituðum jakka, þau hefðu verið „örugglega sýnileg“. Vitnið sagði aðspurt að fleiri bifreiðar hefðu verið á götunni þegar ekið hefði verið á brotaþola. Úr einni þeirra hefði kona komið til aðstoðar.

Vitnið sagðist ekki muna eftir sérstökum samskiptum við ákærða á vettvangi. Ákærði hefði ekki talað mikla ensku. Sérstaklega spurt sagðist vitnið ekki muna eftir að hafa sagt við ákærða að hann mætti fara.

Borið var undir vitnið það sem eftir því er haft í samantekt lögreglu, þess efnis að ákærði hafi „numið staðar og gert ráðstafanir“. Vitnið sagðist ekki muna eftir að ákærði hefði farið úr bifreiðinni fyrir en lögregla hefði komið. Það hefði verði „kona sem kom úr bílnum“ sem hefði gert ráðstafanir.

Vitnið C sagðist hafa ekið Sæbraut og verið „að nálgast þessi stóru gatnamót [...] og ég sé að það er komið rautt ljós á okkur þannig að ég byrja að hægja á mér. Bíllinn fyrir framan mig, finnst svona eins og hann sé að byrja að hægja á sér en ákveði allt í einu að halda áfram, gefur í og mér fannst svo sérstakt, einmitt, ég kalla upp yfir mig í bílnum hvað í andskotanum hann sé að gera því það er bara fólk beint fyrir framan hann en hann ákveður samt að halda áfram og keyrir á þarna, fer á eldri konu. Maðurinn sem var með henni nær að hörfa frá en konan fer í sem sagt hægra framhorn bílsins og fellur í jörðina. Og ég náttúrulega stoppa bíllinn um leið, hoppa út og athuga hvort það sé allt í góðu og hringi á Neyðarlínuna.“ Nánar spurt hvort ákærði hefði aukið hraðann svaraði vitnið: „Mér finnst eins og hann væri byrjaður að hægja á sér, búinn að átta sig á því að það væri þarna komið rautt, en svo ákveður hann að auka hraðann aftur og fer á þau. Þetta var bara furðulegt.“

Vitnið sagðist hafa verið „næsti bíll á eftir“ ákærða. Milli bifreiða þeirra hefði verið „hæfileg“ lengd og „nóg pláss fyrir mig að hemla ef það kæmi eitthvað upp á.“ Hún

hefði hvorki verið þétt við bifreið ákærða né langt fyrir aftan hana, aðeins hefði verið um að ræða „hæfilega fjarlægð frá honum“.

Vitnið sagði að mjög gott veður hefði verið og bjart. Vitnið sagðist hafa séð atvikið mjög vel.

Vitnið var spurt um stöðu gönguljósanna og svaraði: „Ég get ekki sagt til um stöðu gönguljósanna en ég er alveg viss um það að það var rautt á okkur og þau voru komin þarna, þau voru vel sjáanleg beint fyrir framan bílinn, ég var löngu búin að sjá þau, þó svo ég hafi verið fyrir aftan hann þá var ég löngu búin að spotta þau“. Spurt hvort ákærði hefði átt að sjá brotþola og son hennar svaraði vitnið: „Já, ekki spurning.“

Vitnið sagði að eftir atvikið hefði ákærði stöðvað bifreiðina og „hoppur út“. Vitnið hefði spurt „hvort hann hefði ekki séð þau, hann sagði ‚nei‘.“ Vitnið bætti við: „Mér fannst svona eins og hann hefði ekki vitað nákvæmlega hvað átti sér stað, hann gat einhvern veginn engu svarað.“

Borið var undir vitnið að ákærði hefði sagt að vitnið hefði verið svo langt frá atvikinu að vitnið hefði ekki getað séð það. Vitnið sagði að þetta væri „bara bull og vitleysa. Ég var nógu nálægt til þess að sjá þetta allt saman.“ Borið var undir vitnið að ákærði hefði sagt að hann hefði verið kominn úr bifreið sinni þegar vitnið hefði komið. Vitnið neitaði því og sagðist hafa stöðvað sína bifreið strax og farið úr henni. Vitnið sagðist ekki muna eftir því að ákærði hefði verið kominn úr sinni bifreið. Atburðarásin hefði verið hröð. „Þetta bara gerist allt svolítið allt á bara einhvern veginn sama tímamarki. Við stoppum bílana, hoppum út, hvort hann hafi verið búinn að stíga [eitt skref] út úr bílnum sínum þegar ég er að opna hurðina, ég bara get ekki svarað því, þetta var ekki þannig, eins og ég segi, að hann hafi verið búinn að standa þarna í einhverjar sekúndur eða mínútu áður en ég kem að, þetta er það nálægt að þetta á sér allt stað á sama tíma.“

Vitnið var spurt um það sem eftir því er haft í lögregluskýrslu, þess efnis að ákærði hefði á vettvangi sagt við vitnið að brotþoli og sonur þess hefðu gengið afar hægt yfir akbrautina. Vitnið sagði að ákærði hefði sagt þetta. Vitnið sagðist hafa sagt satt og rétt frá hjá lögreglu.

Lögregluþjónn 1 [...] sagði lögreglu hafa verið senda á vettvang þar sem gangandi hefði orðið fyrir bifreið. Þar hefði lögregla komið á svipuðum tíma og sjúkrabifreið. Brotþoli hefði verið flutt í sjúkrabifreiðina. Ekkert hefði verið hægt að

tala við hana, „hún var það verkjuð í líkamanum og talaði litla sem enga ensku“. Vitnið hefði rætt við son brotþola, „sem var að labba með henni yfir gangbrautina, hann tjáði mér að þau hefðu verið að labba saman yfir á móti grænu ljósi og verið alveg að komast yfir gangbrautina þegar það kemur bíll og hún lendir fyrir bílnum.“

Vitnið sagði að bjart hefði verið og „ágætis veður“. Aðstæður hefðu verið „bara finar“.

Vitnið sagði að vitni hefði gefið sig á tal við það á vettvangi og sagt „að hún hafi verið að aka fyrir aftan bílinn sem að ekur á konuna og það hafi verið rautt ljós og vitnið [sem gefið hefði sig á tal við lögregluþjón 1] hafði stoppað og verið að furða sig á því hvort að hinn bíllinn á undan henni hafi ekki ætlað að stoppa og hinn hafi bara ekið á konuna.“

Vitnið staðfesti frumskýrslu.

Lögregluþjónn 2 [...] sagðist hafa tekið skýrslur af ákærða og vitnum. Spurt um hvað ákærði hefði sagt um atvikið sagði vitnið: „Hann sagði bara að hann hefði ekki séð fólkið en sagðist samt hafa séð fólkið, einhvern veginn, honum bar ekki alveg saman með það, af því að hann sagðist hafa séð fólkið en ekki séð þegar hann keyrði á það, eða eitthvað slíkt.“ Vitnið sagði að brotþoli hefði lýst því að „hafa verið að elta son sin, minnir mig, og að hún hafi bara verið að ganga gegn grænu gönguljósi og hún í raun vissi ekkert fyrr en var ekið á hana.“ Brotþoli hefði borið um „að hafa upplifað mikinn verk“. Vitnið sagði að sonur brotþola hefði lýst því að „hafa gengið gegn grænu ljósi ásamt móður sinni“ og svo hefði hann orðið var við að ekið hefði verið á hana.

Vitnið sagði að vitnið C hefði sagt „að hún hefði keyrt á eftir þessum leigubíl og að hún hafi verið að þæla bara ,bíddu ætlar hann ekki að fara að stoppa““ og hefði lýst því að rautt ljós hefði verið gegn akbrautinni en grænt gegn gangbrautinni.

Vitnið sagðist telja að ákærði hefði sagt „að hann hefði farið gegn grænu“.

Lögregluþjónn 3 [...] sagðist hafa komið á vettvang með lögregluþjóni 1 og þá hefði verið búið að flytja brotþola af vettvangi, eftir því sem vitnið minnti. Vitnið hefði rætt við ákærða. Þau hefðu rætt saman en vitnið sagðist ekki muna sérstaklega eftir því hvað hann hefði sagt. Sérstaklega spurt sagði vitnið að það teldi ákærða hafa verið eindreginn í þeim framburði „að það hefði verið grænt á hann“.

Vitnið sagði að sig minnti að á vettvangi hefði verið bjart og þurrt.

Vitnið D læknir staðfesti vottorð sitt. Vitnið sagði að sonur brotaþola hefði komið með brotaþola og hefði hann túlkað. „Þau“ hefðu sagt vitninu að brotaþoli hefði gengið yfir gangbraut og þá hefði bifreið verið ekið á hana. Sonur brotaþola hefði sagt að bifreiðinni hefði ekki verið ekið hratt en brotaþoli hefði dottið á vinstri hlið og meitt sig á mjöðm. Hún hefði hvorki getað staðið upp né gengið.

Vitnið sagðist hafa skoðað brotaþola og séð að hún hefði verið meidd á mjöðm og hefði sent brotaþola í myndatöku og í ljós hefði komið brot á vinstri mjöðm.

Vitnið var spurt hvort það gæti metið hvort áverkinn hefði komið við það að fá bifreið á sig eða við það að falla eftir það á jörðina. Vitnið svaraði að það teldi bifreiðina hafa komið á hægri hlið brotaþola og hefði brotaþoli við það farið í götuna á vinstri hlið og þar hefði hún brotnað. „En ég get ekki sjálf sagt ef það var þegar bíllinn hitti hana eða ef það varð þegar hún datt á jörðina.“

Vitnið var spurt um alvarleika áverka brotaþola og sagði að hann réðist af mörgum atriðum, til dæmis hvernig brotið væri nákvæmlega og því yrði bæklunarlæknir að svara, en einnig aldri og heilsu sjúklings. Að jafnaði teldist áverkinn alvarlegur þar sem hann gæti haft mikil áhrif á færni sjúklingsins í framtíðinni. Bataferli gæti verið mjög flókið.

Niðurstaða

Óumdeilt er í málinu að hinn 3. 9. 2024 var brotaþoli ásamt syni sínum stödd við gatnamót Sæbrautar og Kringlumýrarbrautar. Á sama tíma ók ákærði bifreiðinni [...] vestur Sæbraut. Jafnframt er óumdeilt í málinu að brotaþoli gekk yfir götuna og varð fyrir bifreiðinni. Verður þetta lagt til grundvallar. Fyrir liggur að brotaþoli var flutt á slysadeild. Með vottorði D læknis og skýrslu hennar fyrir dómi telst sannað að brotaþoli hafi þá verið með þá áverka sem í vottorðinu greinir. Í málinu er ekki ágreiningur um að þá áverka hafi brotaþoli fengið umrætt sinn og verður það lagt til grundvallar.

Fyrir dómi sögðu ákærði, C og lögregluþjónn 1 að bjart hefði verið á vettvangi. Lögregluþjónn 3 sagði að sig minnti að bjart hefði verið. Ekkert hefur komið fram sem bent getur til þess að aðstæður hafi verið þannig að erfitt hafi verið fyrir ökumann að sjá gangandi vegfaranda fara yfir götuna.

Brotaþoli kveðst hafa gengið út á akbrautina og þá gengið gegn grænu ljósi sem beint hafi verið að gangandi vegfarendum. B ber á sömu leið. Framburður hans skoðast

í því ljósi að hann er sonur brotþola. Ákærði kveðst hafa ekið gegn grænu ljósi og því hafi rautt ljós verið gegn gangandi vegfarendum. Fyrir dómi bar C að hún hefði ekið á eftir ákærða, séð rautt ljós „komið á okkur“ og hún þá byrjað að hægja ferðina. Ákærði hefði, að hennar mati, byrjað að hægja á sér en svo aukið hraðann og ekið á eldri konu. C sagðist hafa séð þetta vel. C sagði frá á sama hátt við lögreglu á vettvangi strax eftir atvikið. Framburður C veitir framburði brotþola og sonar hennar umtalsverða stoð og verður hann lagður til grundvallar, en gegn því mælir aðeins framburður ákærða. Verður þannig miðað við að ákærði hafi ekið gegn rauðu ljósi þegar hann ók bifreið sinni á brotþola. Sú háttsemi að aka gegn rauðu ljósi varðar við 1. mgr. 7. gr. sbr. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 77/2019.

Í ákæru segir að brotþoli hafi hlotið áverka sinn „við áreksturinn“. Af hálfu ákærða var byggt á því að áverkinn hefði ekki komið við það að bifreiðin hefði farið á brotþola heldur við það að brotþoli hefði farið á jörðina. Fyrir dómi kvaðst D læknir ekki geta kveðið upp úr um þetta atriði en miða verður við að bifreiðin hafi komið á hægri hlið brotþola en brotþoli hlotið áverka á vinstri hlið sinni. Hvað sem því líður þykir ljóst að brotþoli féll í jörðina við að fá bifreiðina á sig og áverkinn þannig augljós afleiðing þess að bifreið fór á brotþola. Eins og áður segir er ekki vefengt í málinu að brotþoli hafi fengið áverka sína í atburðarásinni og verður að telja sannað í málinu að við áreksturinn hlaut brotþoli brot í stóru lærhnútu vinstra læris.

Samkvæmt framanrituðu verður að leggja til grundvallar að ákærði hafi, á þeim stað og stund sem í ákæru greinir, ekið gegn rauðu ljósi á brotþola og það hafi valdið þeim áverkum sem raktir eru í ákæru. Sú háttsemi varðar við 219. gr. laga nr. 19/1940. Telst ákærði sannur að sök samkvæmt ákæru með þeirri heimfærslu sem þar er gerð. Ákærði ók bifreiðinni í atvinnuskyni sem leigubifreiðarstjóri. Með dómi Landsréttar var ákærði í desember 2024 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár fyrir brot gegn 209. gr. laga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. laga nr. 80/2002. Það brot sem ákærði er sakfelldur fyrir var framið fyrir uppkvaðningu dóms Landsréttar og ákveðst refsing ákærða sem hegningarauki. Verður dómur Landsréttar tekinn upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, fangelsi í þrjá mánuði, en fullnustu hennar frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð. Ákærða verður gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arndísar Önnu K. Gunnarsdóttur lögmanns, 1.136.460 krónur með virðisaukaskatti, þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi, Hilmars Garðars Þorsteinssonar lögmanns, 401.760

krónur með virðisaukaskatti, og annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákærvaldsins, 49.617 krónur. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákærvaldsins fór Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari með málið.

Dómsorð:

Ákærði, Mohamoud Farah Hassan, sæti fangelsi í þrjú mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 1.136.460 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arndísar Önnu K. Gunnarsdóttur lögmanns, 401.760 króna þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi, Hilmars Garðars Þorsteinssonar lögmanns, og 49.617 króna annan sakarkostnað.

Þorsteinn Davíðsson